

Númer: 42/2018

Dreifibréf til eftirlitsskyldra aðila

Reykjavík, 8. ágúst 2018

Tilvísun: 2017060077

Efni: Fjármálaeftirlitið gefur út drög að leiðbeinandi tilmælum vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal, nr. 5/2018, sem inniheldur drög að leiðbeinandi tilmælum vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila. Skjalið er birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjol/>.

Þessum drögum að leiðbeinandi tilmælum er ætlað að samræma kröfur til allra eftirlitsskyldra aðila varðandi rekstraráhættu með áherslu á rekstur upplýsingakerfa og notkun upplýsingatækni vegna hennar. Lágmarkun rekstraráhættu í tengslum við rekstur upplýsingakerfa er meðal annars fólgin í að stýra slíkri áhættu, vakta hana og milda. Í því skyni ber til að mynda að tryggja öryggi upplýsinga, stýra aðgangi að þeim og tryggja að upplýsingarnar séu réttar og óspilltar.

Umfang aðgerða í tengslum við rekstur upplýsingakerfa á að vera í samræmi við umfang rekstur eftirlitsskylds aðila og þá áhættu sem honum fylgir. Því gerir Fjármálaeftirlitið ríkari kröfur um eftirfylgni til eftirlitsskyldra aðila með umsvifamikla og fjölbætta starfsemi en minni aðila með einfalda starfsemi, sbr. 51. – 53. liði draganna.


Drögin hafa að geyma viðmið til nánari skýringar um þær kröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi rekstraráhættu, með áherslu á rekstur upplýsingakerfa. Fjármálaeftirlitið leggur viðmiðin til grundvallar við mat á því hvort farið sé að lögum og reglum, þ.m.t. heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum.

Í kjölfar samþykktar tilmælanna verða leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2014 um upplýsingakerfi eftirlitsskyldra aðila felld úr gildi.

Fjármálaeftirlitið mun gefa eftirlitsskyldum aðilum kost á að gera athugasemdir við drögin en frestur til að senda inn umsagnir vegna draganna er til föstudagsins 7. september nk. Umsögnum skal skila á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Guðrún Finnborg Þórðardóttir


Hjálmar Stefán Brynjólfsson